



Tillögur að breytingum á siðareglum SGS

▪ Bæta inn grein :

- Fulltrúar sambandsins skulu leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbrigt starfsumhverfi innan starfs sem utan og hvarvetna þar sem þeir sinna störfum sínum þar sem hafnað er hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti eða annarri vanvirðandi framkomu.

▪ Þörf á breytingum á 2., 3. og 4. gr. siðareglna :

- **2. gr.** – Vitnað í úrelt lög, breyta í : skv. lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- **3. & 4. gr.** – Fella út og setja inn : Söfnun, meðferð, varðveisla og vinnsla slíkra upplýsinga byggist á lögum nr. 90/2018

2. Þegar unnið er með persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, í starfsemi SGS eða sjóða á vegum þess skal farið með þær upplýsingar skv. lögum um persónuvernd nr.77/2000 ásamt síðari tíma breytingum.

Breyta í :

2. Þegar unnið er með persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, í starfsemi SGS eða sjóða á vegum þess skal farið með þær upplýsingar skv. lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

3. Slíkra upplýsinga skal einungis aflað í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, þær ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi og þess gætt að afla ekki eða óska eftir frekari upplýsingum og gögnum en nauðsynlegt er hverju sinni.

4. Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á lögum um persónuvernd nr.77/2000 ásamt síðari tíma breytingum.

Fella saman í eina gr. og breyta í :

3. Söfnun, meðferð, varðveisla og vinnsla slíkra upplýsinga byggist á lögum nr. 90/2018

Annað:

- **11. gr. a)** Skipa siðanefnd á fyrsta fundi framkvæmdarstjórnar SGS eftir þing sambandsins.
- **11. gr. d)** Málskotsréttur – fella út? “sérstakan gerðardóm skipaðan af ASÍ”.